Lestrarfélag Seyluhrepps

# Smári

I. árg. April 1927 7. tbl.



## Sparsemin og heimilin okkar.

Þú manst það lesari góður að þar sem jeg endti seinast í athugasemdum mínum um uppeldismálið og siðferðið, var um dygðina, trúmensku og skyldurækt. Jeg ætla mjer að fara nú nokkrum orðum um sparsemina sem er ein af þeim dygðum sem leiðir af góðu uppeldi og siðferði.

Það er ein af helgustu skyldum hvers einstaklings að gæta þess jafnan að eyða minna en þeir afla, reyna til þess með atorku og hagsýni að safna sjer varasjóði sem gripa má til þegar alvara lífsins ber að dyrum, heilsutap eða einhver önnur ófyrirsjáanleg óhöpp

Og sannarlega er alt of lítið gert að því af foreldrunum að vekja hjá börnunum sjálfsbjörgunarhvatir, glæða hjá þeim sjálfstæðis hugsunina, sem er vegurinn til þess að geta orðið gagnlegur og nýtur borgari í þeirri sveit sem maður byggir.

Það er í rauninni sorglegt til þess að ~~vita~~ hugsa hvað allur fjöldinn af konum og körlum virðist vera hugsunarlaus, fyrir framtíð sína í þeim efnum, að skapa sjer hana góða. Þeir eyða margir hverjir æskunni þessum dýrmæta lífstíma í ljettúð og hugsunarleysi, eyða bara þeim mun meira sem þeir afla meira, svo þegar þeir þurfa að fara að sjá fyrir meira en sínu eigin lífi, standa þeir oft með tvær hendur tómar, mega þá oft líta til baka yfir liðna tímann með gremju við sjálfan sig fyrir hversu hann hafði verið varið í miklu hugsunarleysi.

Ef heilsan bilar ekki getur úr þessu ræst, en það er ekki þeim að þakka, ekkert má útaf bera svo þeir verði ekki komnir upp á hjálp frá öðrum. Einmitt vegna þess að þeim skildist ekki nauðsyn sú að nota æskuna til þess að safna sjer varasjóð, sem grípa mætti til á alvörutímum lífsins.

Sú hlið sparseminnar er venjulega rædd, sem snýr að einstaklingnum, hvað hann eignist mikið sjálfur og tryggi sjer framtíð sína með því að spara. En hliðarnar eru tvær, hin snýr að þjóðfjelaginu og hún er ekki lítils virði. Það er ekki einskis virði hvað þjóðfjelagið græðir við það að margir spari. Og vissulega hefur það verið skaði fyrir efling sparseminnar að talað er jafnaðarlega um þá hlið sem veit að einstaklingnum, en vanrækt gjörsamlega að tala um þá þýðingu, sem sparsemin hefur fyrir þjóðfjelagið.

Af henni leiðir meiri framleiðsla, meiri atvinna, ný og nytsöm fyrirtæki verða stofnuð og fleira.

Af þeim höfuðstól sem myndast við sparsemi margra skapast höfuðstóll, sem vex og margfaldast, þessi höfuðstóll veitir mönnum lán til margvíslegra framfara, sem miða til þjóðarheilla. Þjóðarauðurinn vex við það, en vaxandi þjóðarauður leiðir af sjer aukna menningu bæði andlega og líkamlega. - Spítalar og aðrar líknarstofnanir eru reistar, gufuskip bygð, skólar reistir, brýr og akbrautir gjörðar og m. fl.

Ekkert af þessu, sem leggur undirstöðu til sannra þjóðþrifa, hefði verið gjört ef enginn hefði hugsað um það að spara. Ef kynslóð eftir kynslóð hefði ekkert um það hugsað að spara saman höfuðstól. Núverandi kynslóð

lifir á þessum höfuðstól. Höfum við sem nú lif-
um leyfi til þess að eyða honum, með því að hætta
að spara, hætta að safna varasjóði? Jeg neita því.
Áður en jeg lýk við þessar athugasemdir, datt mjer
í hug lesari góður að fara nokkrum orðum um
heimilin okkar, þar sem allar þessar góðu dygðir
sem jeg er búinn að gera að umtalsefni eiga upp-
tök sín og rætur. Jeg vona að þú gefir þjer tíma til þess
að fylgja mjer og finnir þú einhverja punkta þar sem
vert er að taka til íhugunar, þá er tilgangi mínum
náð. Heimilin okkar eiga að vera okkur helgasti
griðastaðurinn. Þar eigum við að kosta kappsum
að hafa það skipulag að við getum notið þar rólegr-
rar og glaðværrar hvíldar eftir unnið dagsverkið.
Yfir hvaða svið mannlífsins sem við lítum
sjáum við að friður og gott samkomulag milli mann-
a er undirstaða til hagsældar og velmegunar fyrir
hvern einstakling. Aftur á móti er sundrung og
ófriður venjulega undirrót ýmislegs böls og óhamingj-
u. Heill og hamingja heimilanna er undir því
komin að friður og gott samkomulag sje á milli
hjónanna eða þeirra sem heimilinu stjórna, og

ennfremur á milli starfsfólksins á heimilinu.
Heimilis ófriður er það stærsta böl, sú mesta ógæfa
sem einstaklingurinn verður fyrir, því þó einstakl-
ingurinn sje auðugur af löndum og lausum aurum
þá er hann þó fátækur ef hann vantar ánægju og
frið á sínu heimili, því hann vantar þá hamingju.
Því hvað er stundaróhapp, eignamissir eða eitthvað
þvílíkt, samanborið við þann eilífa eld sem heimilis
ófriður veldur, því hann fylgir einstaklingnum ekki
einungis hjer í lífi heldur út yfir gröf og dauða.
Aftur á móti er heimilisfriðurinn og ánægjan þar, ein
~~ein~~ sú mesta gleði og gæfa, sem einstaklingurinn get-
ur öðlast, honum fylgir flest það sem verða má einstakl-
ingnum til gæfu og blessunar. Undirstaða undir þessa
gæfu er kærleikurinn þetta megin afl allrar orku
megin afl til velmegunar. Kærleikurinn á að vera og
þarf að vera sterkasta aflið sem stjórnar á heimilunum
okkar. Einmitt á þessum sviðum eru helgustu og þýð-
ingarmestu skyldur konunnar að finna og er gæfa heim-
ilanna undir því komin að hún ekki vanræki þar.
Því húsmóðirin er það, ef hún með ráðdeild og dugnaði,
vinnur hin þýðingarmiklu skyldustörf sín, þá er það hún

sem mótar heimilin og gjörir hvern garð frægan. Og þau heimili sem bera gæfu til þess að eiga slíkar stjörnur inn á við, þau munu í reyndinni verða bestu skólarnir okkar þar sem kostbestu kvistir þjóðfjelagsins hafa þroskast og dafnað. Enginn verður þar algjörlega úti, því allir hafa notið móðurástar og hún mun hverjum vera svo björt, svo dýrmæt og helg að fyrir hana eru þeir skyldugir að fórna öllu jafnvel sjálfu lífinu ef því er að skifta. Við munum öll eftir ástinni hennar Ásdísar á Bjargi sem ekki hikar við að verða af bjartasta augnaljósinu sínu til stuðnings og verndar hinum ógæfusama afburðamikla syni, sem alstaðar var dauðadæmdur. Góð móðir kveikir í sálu og hugskoti barna sinna björtustu vonarljósin, ljós trúarinnar og kærleikans. Þessi ljós munu reynast einstaklingnum bjartasta morgunstjarnan sem mun lýsa honum best í stormum og hreggviðrum lífsins, og líf einstaklingsins mun brenna fyr út en þau sjeu algjörlega útkulnuð í hjörtum þeirra.

Jeg byrjaði þessar athugasemdir mínar lesari góður með því að skrifa um uppeldismálið og siðferðið, og lýk þeim með þeirri ósk að allir foreldrar vildu kosta kapps um að gæta þeirrar skyldu sem á þeim hvílir gagnvart börnunum, kappkosta að ala þau upp í

guðsótta og góðum siðum. Með því styðjið þið að gleði ykkar sjálfra, gæfu einstaklingsins, velferðar þjóðarinnar og heill og hamingju landsins.

Skrifað um áramót 1926–27

Haukur í Holti

— " — " — " —

## Sorgarstaðurinn.

— eftir Gest —

— " — " —

Því hefur verið kastað fram um oss Íslendinga að vjer hefðum þroskaðri skáldagáfu, en tilfinningalíf. Jeg hefi ekki vit á og skal ekki reyna að dæma um hvort þetta er rjett, en það eitt er víst að uppeldi flestra vor, á þessu harða og hrjóstuga landi, gjörir sitt til að herða skapið, og kæla tilfinningarnar, svo skilyrðin fyrir næmar tilfinningar, verða að öllum jafnaði ekki mikil, undir hinni þungu og margþættu baráttu, sem flestir verða að heyja fyrir tilverunni.

Það er staðreynd að vjer erum: Fátæk, fámenn og dreifð þjóð, en höfum landrými nóg; það leiðir því þar af, að það er margur auði og nakti bletturinn, og það á þeim bletta landsins sem kallaður er byggð.

Ræktun lands vors er líka tiltölulega ung, ekki nema

nokkra ára, ef miðað er við hina fyrstu bygð þessa lands, og forfeður vorir skildu oss eftir kargþýfð tún, sem byrjað var þó, fyrir mörgum öldum að rækta með áburði; eins og íslendingasögurnar skýra frá. —

Það er því ekki undarlegt, þó enn í dag sje töluvert mikið af auðum melum og illa grónum móabörðum í grendinni við tún og engjabletti. Það þarf svo langan tíma, mikla framleiðslu, mikið starfsþol og þrautseigju til þess að rækta það alt saman, að vjer hljótum að skilja komandi kynslóð eftir óútreiknanlegt verkefni, að því ógleymdu að rjetta við þann gróðurinn sem forfeður vorir eyðilögðu tilfinnanlegast, og sem mest skýlir og mildar loftslagið hjá hverri þjóð.

En það var nú ekki um ræktun landsins í heildinni, sem jeg ætlaði í þetta sinn að minnast á, því um það efni má rita og eru ritaðar stórar bækur. —

Nei, það er blettur, einungis lítill blettur, sem hvert einasta sveitarfjelag, eða hluti af því, á í fjelagi við granna sína.

Þessi litli blettur er samnefndur: Sorgarstaður. — Ekki einungis fyrir það að vjer endum þar vora seinustu ferð, afkladdir hjervistarkápunni; heldur sjerstaklega fyrir það að hann er illa varinn fyrir innri og ytri ágangi manna og dýra. Einstaklingar, bændur og búalið-ar reyna nú að friða: tún engi og sáðbletti, með svo góðu girðingarefni sem völ er á, og sumum þeim vandvirkustu, hefir tekist þetta svo vel að yfir girðing-una sleppur ekki skepna. Og girðingarhugmyndin er áreiðanlega gömul. Nauðsynina á friðun ræktar blettanna, sáu forfeður vorir fyrir langa-löngu, sem sýnir sig best á þeim mörgu torfgarðsleifum, sem enginn veit hvenær eða hver hefir látið byggja.

Forfeður vorir höfðu eigi völ á öðru girðingarefni, en torfi og grjóti, til að verja með dánarreit sinna nánustu, en þeir tjölduðu því sem til var, og reyndu að leysa það svo vel af hendi, sem þeir gátu.

Á unga aldri get jeg minst þess, að hafa sjeð háa nýlega hlaðna kirkjugarða úr torfi, svo vandlega gjörða, að skepnur fóru treglega yfir, af því þeim var vel viðhaldið, það var víst líka lögð alúð á að halda garðshliðinu lokuðu; var af öllum talin sjálfsögð skylda, hver sem um þann reit gekk; líklega af því það var alvöru

og tilfinninga mál, að hafa legstað sinna nánustu varinn fyrir ytri ágangi. Vjer skyldum nú ætla að ekki væri til illa viðhaldinn kirkjugarður úr torfi og grjóti, á þessum tímum, á þessari girðinga-öld. En það er eftirtektavert að sjá þenna yfirgefna hrjóstuga sorgarstað, alt of víða, meira yfirgefinn og fótum troðinn en nokkru sinni áður.
Sumir torfgarðarnir eru orðnir svo skörðóttir og signir í jörð, að það er lítil fyrirstaða fyrir skepnur að streyma þar út og inn eftir eigin vild.
Þá kem jeg að því, sem jeg vil nefna innri ágang dauðra reitsins. — Það er, að því er mjer hefur sýnst, næsta hjáleitt, að hafa yfirdrifna eyðimörk af landi, og nokkuð sem heitið getur því nafni, inn í miðri sveit, en skera þó svo við neglur sjer stærð grafreitanna, að grafarmenn sjeu neyddir til, að rífa upp og róta til litt fúnum leifum hinna framliðnu. —
Jeg hef að vísu heyrt nokkra segja um það efni að þeim framliðnu mætti á sama standa og vildu heimfæra upp á það gamla málsháttinn: „Fár minnist slitinna klæða". Getur vel verið rjett, en jeg held nú samt að það sje eitt af þeim mörgu málefnum, sem enginn af oss getur sagt um með vissu, meðan vjer erum hjer staddir; og nokkuð margir eru þeir, sem heldur vilja að leifar sinna nánustu fái að hvíla í friði, meðan eitthvað af þeim er ósundurleyst, af því þeim er það tilfinningamál. Þeir fáu einstaklingar sem ljóslega hafa haft tilfinningu fyrir þeim innri ágangi grafreitanna hafa sýnt það í verkinu, með því að láta reisa grindur úr trje eða járni utan um legstaðina, en reynslan hefur sýnt að grindur úr trje endast illa; um járngrindur steyptar í stein á hornunum, má geta þess að þær hafa ekki mátt vera í friði, sumar hverjar, fyrir hinum æðandi ytri ágangi hrossa og annara dýra. — að jeg ekki nefni þær járngrindur með hvössum broddum, sem ollað hafa slisi á hrossum, og hve vel þær hafa verið liðnar af þeim sem hafa getað verið þektar fyrir að nota sjer þenna ágang á dauðrareitinn; en þau tilfelli munu vera til fleiri en eitt ekki als fyrir löngu, þó sorglegt sje til þess að vita og teþast mannlegu eðli sam boðið eða tilfinningum þess.
Forfeður vorir höfðu tilhneyind til að geyma minningu

ættingja og vina, komandi kynslóðinni, og má enn
þá sjá þess merki í nokkrum stöðum þessi minn-
ismerki eru að vísu víða sigin í jörð, og grasgróið
að nokkru yfir þau, letrið sumstaðar ógreinilegt
og er það að vonum, því ekki var þá alstaðar
völ á svo sljettu blágrýti, að letrið gæti verið skýrt
upphaflega; en þessar þykku og stóru blágrýtishellur,
höfðu líka þá þýðingu, sem var ekki minna verð,
bein hinna framliðnu fengu að hvíla í friði und-
ir þeim.

Það er ekki öllum hent efnalega, að reisa sínum
nánustu minnismerki úr marmara, þeir efna-
minni geta það ekki; en fyrir þá er önnur leið,
sem er mjög auðfarin, ef reiturinn er vel varinn,
og þessi leið er: Að nota gróðrarafl náttúrunnar
til þess að reisa lifandi minnismerki.

Jeg hefi sjeð hjer innanhjeraðs eitt slíkt minnis-
merki, og get því öruggur fullyrt að þau geti þrif-

ist vel, og náð miklum þroska með tímanum,
þar sem mold er eins djúpt rótuð eins og í öll-
um grafreitum.

Mig er máske að dreyma. En fyrir stuttu var
jeg staddur inn í miðri marmaramörk fram-
liðinna í höfuðstaðnum, og var þá að velta því
fyrir mjer, hvort þeim framliðnu mundi nú í
raun og veru, vera þessi minnismerki þeim mun
geðþekkari, sem þau voru dýrari, en einhverjar
ræktaðar plöntur sem náttúran framleiðir svo fag-
urlega. Jeg fjekk, sem auðvitað er, ekkert svar við
þessum spurningum mínum, þar sem jeg reikaði
frá einu minnismerkinu til annars.

Nokkra stund gekk jeg þannig á milli legstaðanna
og stansaði loks frammi fyrir einum af þeim
allra skrautlegustu marmarasteinum, sem jeg
hefi sjeð, og þessi steinn talaði til mín fyrir hönd

hins framlidna á þessa leid. I-kladdur hjervistar kápunni minni, naut jeg: auds, metorda og valda, og sjádu! ekki var mjer vant sannra vina og vandamanna, því hjerna þar sem kápan min var lögd nidur hafa þeir lagt kórónu ofan á.
Hún er fögur og gylta letrid gengur í augun.
Hún er hald-gód, svo jafnvel hin harda tönn tím ans, vinnur henni ekkert mein, í nánni framtíd
Hún er svo þung ad hún fer ad halda nidur kápunni minni í hverjum vindblæ. —
En þessi kórónan, er tilfinningarlaus kald og stein-daud.
Hún yngist ekki upp med hverju vori til þess ad auka þrocka sinn, og breida út lifandi blód yfir sumarid. Og kallad og bent getur hún ekki, eins og trjáplantan í Hólakirkjugardi:

„Herra minn guð til þín
herra til þín."

Ad sídustu, eigum vjer ekki ad vera samtaka med ad verja vorn sameiginlega sorgarstad, fyrir innri og ytri ágangi? Eiga vorir nánustu sem á undan eru gengnir, sem búnir eru ad slíta hjervistarkápunni í vorar þarfir, og gátu fyrir hana, verid oss þad sem þeir voru, eiga þeir þad ekki skilid, ad vjer verjum og prýdum eftir föngum hinn sídasta áfangastad þeirra?
Er ekki minning þeirra oss öllum kær?
Þetta er ad vísu samvisku og tilfinninga spurn-ing, sem hver og einn verdur ad svara sjálfum sjer uppi á, en ekki mjer. —
En sá sem, er var og verdur, yfirgefur ekki sína:
„Hann leitadi hann uppi á eydimörkinni á hrjóstugum sorgarstad, í óbygdinni; hann var hvervetna kringum hann og hugdi ad honum; hann vardveitti hann sem sjáaldur auga síns."

~~~ // ~~~
~~~

# Lausavísur

Best mun þíða og þjetta lund
lífs þó stríð sje blandið.
Rækta í hlíð og græða á grund
grein sem prýði landið.

---

Lækur hlær og leikur sjer
ljett með skæru hljóði.
Andar blær í eyra mjer
ennþá kæru ljóði.

---

Æsku mína dreymdi djarft.
draumar sjaldan bætast.
Öðru hverju eitthvað þarft
er nú samt að rætast.

---

Lífs míns sjóð er ekki eytt.
enn er glóð í svörum,
enn er blóðið í mjer heitt
enn er ljóð á vörum

Hærukollur